


GRUNNSKÓL
SANDGERÐI
SKÓLASAFN

SKÓLABLAÐID

ANDKRUP



GEBR. VOLINN
DI
SKÓLASAFN

Skòlablaðið

SANDKORN.

GEFID ÚT Í SANDGERÖISSKÓLA,

Mai 1970.

- Ritnefnd:

MARTEINN, ritstjóri.

Águst,

Gunnlaugur,

Lára,

Kristjana,

Maria Ól.

- Skreytingu

önnuðust:

Póra Kristin og Vignir.



Rífsfjörarább.

Jæja, góðir hálsar, þá fáið þið að sjá
þetta ágæta blað. Eins og þið vafalaust sjáíð strax
og þið flettið blaðinu, þá er það mjög vel gert að
öllu leyti, enda gefið út í Sandgeröisskóla!

Ég vil benda ykkur á að lesa blaðið vel,
því að það er án efa bezta blaðið, sem kemur út á
pessu ári.

Að lokum vil ég mælast til þess, að sem
flestir skrifi í blaðið á næsta skólaári(p.e.a.s.
ef blaðið kemur út!). Ég vona að þið hafið það gott
í sumar og verðið góðu börnin.

Ritstjóri.


KLÆÐABURDÚR UNGLINGA

Klæðaburðir unglings nú á dögum er eins og þegar amma var ung. Mér finnst þetta svo smart klæðnaður, en ekki eru allir á sama mál. Auðvitað finnst gamla fólkini þetta alveg agalegt en það er ekkert að marka röflið i þeim þ.

Fötin, sem unga fólkio er í, eru öll í stænum, því að allir reyna að tolla í tázkunni, t.d. að vera í dragsiðum kápum af ömmu gömlu með síða trefla lafandi utan á sér, í útvíðum buxum og með sjal á herðunum. Þó eru margar enn í stuttu tázkunni, því að hún er ekki horfin úr sviðsljósínu. Viða, þar sem maður kemur, eru stelpur í síðum kápum. Þetta átti að minnsta kosti að vera nóg hlýtt, svona yfir veturinn, þannig að mömmurnar byrftu ekki að vera að skammast yfir því að maður klæddi sig ekki nóg vel.

Mér finnst þetta nokkuð áberandí klæðnaður, en hver veit nema maður eigi eftir að verða svona síðum klæddur.

Og hvað þarf gamla fólkio að vera að rexja í því þóttunga fólkio klæði sig eftir tázkunni. Það var einu sinni ungt. - Etli það hafi verið nokkuð betra?



S.K.

VINUR

MINN

Einn af vinum minum heitir Logi Jónsson.

Hann er dálitið skritinn og ætla ég að reyna að gefa ofurlitla lýsingu á honum. Hann er mjög prekinn, enda þykir honum bæði gott og gaman að borða. Hann er með stért höfuð og stór og kringlótt augu. Nefið er eins og kartafla og köllum við það kartöflunef.

Skapið í honum er misjafnt. Hann er mjög gamansamur og skemmtilegur, en á það til að rjúka upp, en gefi maður honum eitthvað að borða, verður hann bliður sem lamb. Þótt hann sé dálitið feitur, getur hann synt og hlaupið hratt. Annars þarf hann lítið að synda, hann getur hvort sem er ekki sokkið - hann flýtur bara. Logi er ágætur í íþróttum eins og spjótkasti og kringlukasti. En fótbelta getur aumingja Logi ekki spilað. Það harmar Logi samt ekkert. Hann er ámægður með allt hitt.

Námið á skólanum getur verið erfitt, en ekki fyrir Loga, og getur hann verið stoltur af því. Hann er mjög námfús og er með hæstu nemendum, ef ekki hæstur í sínum skóla. Á miðsvetrarprófinu var hann með aðal-einkunnina 9,20. Hann er mjög striðinn, en annars bezta skinn. Og betri og skemmtilegri vin er ekki hægt að fá.

Gunnar Ingi.

STAKA.

Ef þú hittir ungan mann
reyndu, ef þú getur
að bregða fæti fyrir hann
svo þér líði betur.


Teini.



VI SUR

MAGGA

Maggs hans Summa,
veiðir oft krumma.
parna er nunna,
og líks stór tunna.



RÍÐ

Sáuð þið hann Kalla?
Hann fór til Malla,
og svo hittu þeir Palla.
En hvað varð um Halla?



ÞÁRI


Litla fjara,
ég heiti Klara.
Ég vil bara
pinn góða para.



Margrét S. 4. G.

Stutt ferd.

Eina sinni var maður, sem hét Teini Armstrong. Hann ætlaði til tunglsins i sumarleyfi. Hann keypti sér eldflaug, sem hann skírði Apparalong. Hann fékk sér klofstigvél, gummibuxur, plastpoka og gummihanzkz. Úr þessu bjó hann til plastföt. Svo fékk hann sér glerkrakku og setti á hausinn á sér og þá var hann tilbúinn. Til vonar og vara tók hann með sér vatnsbyssu, baunabyssu og teygjubyssu. Siðan lagði hann af stað.



Eldflaugin þaut af stað út í kolsvartan geiminn. Eitt sinn sprakk á leiðinni. Það tók þrjá klukkutíma að gera við, því að bannsettur skrúflykillinn flaut alltaf i burtu. Eftir fjóra daga lenti Apparalong á tungrinu. Teini fór í plastbúninginn og tók vatnsbyssu sér í hönd. Siðan opnaði hann rennihurðina og steig út. Það fyrsta, sem hann sá, þegar hann var kominn út var hundur með kattarhoffuð. Hundurinn hljóp af stað í áttina að Teina. Teini ætlaði að fara aftur inn í geimfarið en dyrnar höfðu óoviljandi læstst að innan og lykillinn var inni. Hvað átti nú Teini að gera? Hundurinn var að koma og Teini læstur úti úr sinu eigin geimskini.

(Frh. til teikfimi.)

Marteinn Magnússon.

SKÓLASUNDI

Allir biða i röð þangað til rútan kemur. Loksins birtist hún allt í einu og allir reyna að ná seti sem næst hurðinni, og síðan eß ekið af stað í átt til Keflavíkur.


Sumir reyna að halda uppi söng, en það tekst ekki of vel svo það talar hver i kapp við annan. Sumir tuskast á og klipa þá, sem standa fyrir framan. En nú er rútan komin alla leið inn að sundhöll.

Pegar hurðin opnast troðast allir út til þess að verða fyrstir inn í sundhöll. Fyrst fara strákarnir ofani og síðan stelpurnar. Áður en nokkur veit af, er tími kominn til að búast í rúturnar á ny.


Prátt fyrir ítrekaðar tilraunir til að fara í skipulega röð, fer allt á sömu leið og áður og það treðst hver sem betur getur. Skólastjérinn segir nokkrum að setjast, aðrir taka upp snúða, sem þeir hafa keypt sér. En þetta er svo fin rúta, að snúða-át er bannað, að sögn bílstjórans - og það þykir öllum mjög leiðinlegt.

Rútan er komin til Sandgerðis. Sumir fara út hjá skólamum, en aðrir tinað smám saman úr bilnum á leið hans gegnum þorpið.

Sig. Baldursson, 5. bekk.



SÍGUR ALIBÓD




Einu sinni var strákur,
sem hét Jossi.
Hann var ópekkur í skólanum.
Kennarinn setti hann
upp á nagla.

Pórdís 8 ára.

Einu sinni svaf stalpa hjá mér, sem heitir
Póra. Hún svaf hjá mér í sófanum. Pregar ég
svaf það og ófærið er ófærið. Þótt ófærið er ófærið (væði ófærið)
þótt ófærið er ófærið. Þótt ófærið er ófærið. Þótt ófærið er ófærið.

Margrét 8 ára.



GÓÐUR VINUR

Ég ætla að skrifa um hund, sem heitir Ringó. Ég fékk hann fyrir fimm árum, og þá var hann lítill hvolpur. Hann var mjög ærslafullur og lék sér alla daga. Uppáhaldsleikurinn hans var það, að ég lagðist á gólfíð og fór að slást við hann með löppunum. Hann beit alltaf í sokkinn og reyndi að ná honum af mér. Þegar hann nái honum, hljóp hann (og ég á eftir) út um allt hús. Loks gafst hann upp og slepti soknum.

Ringó var haldinn þeim leiðinlega galla að Silja ekkert sælgæti, og svo var hann svo hræðilega matvandur - át eiginlega ekkert nema kindakjöt.

Um jólin komst ég að því, að hann er Gyðingur því að hann vildi ekki svínakjöt.

Ringó er með mjög mikið kálfhjarta. Því til sönnunar ætla ég að segja sögu af honum: Eitt sinn (sem oftar) voru kindur fyrir utan húsið heima og Ringó var úti. Allt í eimur reuk hann af stað og fór að gelta á kindurnar. Þá snerti ein rollan sér við og stappaði niður fótumum. Petta nægði. Hundurinn hljóp sem byssubrenndur og inn fyrir girðingu, sem var þarna rétt hjá. Og þaðan gelti hann eins og vitlaus væri.

X - X.




Atbomljóð

Kvörtum

Skömm er að sjá
slökkviliðið
skröltað um götur hér.
Það ætti að kaupa
slökkvibíl,
og besta haginn hér.

Sve eru þeir með handsnúin
slökkvitaki,
drasl frá átjandu öld.
Petta þarf að lagfara,
gera ný föng.



Pétur Brynjarsen, 5. bekk.

VÍSA.

Oli smiður,
seztu niður,
hér er viðyr,
handa yður.

Ögmundur Einarsson,

4.G.

i sveit.

í sumar fór ég norður í land var þar í 2 - 3 mánuði. Ég gerði margt, til dæmis var ég í vist hjá frænda mínum. Ég fór líka á hestamannamót á Einarss töðum í two daga. Þar var gaman. Ef þið viljið vita meira um mótið, getið þið skoðað blaðið HESTURINN OKKAR. En ég þekki ekkert nema hestamenn

Jóhanna 4. f.

danmörk

Ég fer til Danmerkur í sumar. Ég fer í Dýragarðinn og Tívolí. Þar er gaman að vera. Ég fer til ömmu í Danmörku, þar er gaman að vera líka. Það kostar mikla peninga að fara til Danmerkur.

Michael, 1. G.



í LEIKHÚSINU.

Einu sinni var lítil stúlka. Hún var falleg. Hún het Dimmalimm. Hún átti lítinn svan. Svanurinn var fallegur. Dimmalimm kom alltaf til svansins á hverjum degi. Pabbi hennar var kóngur og mamma hennar var drottning. Nú dó svanurinn og Dimmalimm fór að gráta. Þá komu varðmennirnir. Peir spurðu Dimmalimm, hvað hefði gerzt. Hún sagði að þegar hún hefði komið í morgun til svansins, hefði hann verið dáinn. Þá er sagan búin.

Guðny, 1. G.

BERNSKULEIKIR

Þegar ég var minni, átti ég mjög góða vinkonu.


Hún hét Karen. Við vorum grannar og lékum okkur mikið saman. Einna minnisstæðast er mér, þegar við lékum okkur í bílskúrnum heima hjá henni. Við vorum búnað að laga ágætis bú, og þetta leit út sem allra bezta hús. En þegar við skruppum frá og komum aftur var allt eyðilegt. Við grunuðum nú strákinn uppi á lofti- honum var trúandi til alls- en ekki samþykkti hann það. Við vildum komast til botns í málínu, og héldum því til skiptis vörð, en urðum brátt leiðar á því. Alltaf var búið að eyðileggja um morguninn. Þá tókum við það til bragðs, að útbúa hurðina þannig, að þegar einhver gekk inn, þá steyptist fata full af vatni yfir hausinn á honum.

Daginn eftir kíktum við fyrst inn um gluggann og allt var á tjá og tundri. Við flýttum okkur inn (Karen á undan) en hvað- - - ? fékk hún þá ekki fótuna á hausinn. Þetta var nú laglegt, en fatan hafði virkað rétt bara ekki á réttan mann. (Seinna komumst við svo að því, að við vorum ekki alltof góðir smiðir.)

En svo lengi lærir sem lifir. Það var okkar huggun.

S.K.





Minnisstap bók

Beztu bók, sem ég hef lesið var eftir Expó Slom. Hann var rússneskur í föðurátt en kínverzkur í móðurátt. Hann á heima í Bandaríkjum. Í blöðunum er hann alltaf kallaður atomskáld eð 20. aldarinnar.

Bókin, sem hann skrifaði heitir "Endalausa sagan". Hún er um gamla konu, sem er að lifa síðesta mánuðinn í lífi sínu. Sagan er þannig: það var einu sinni gömul kona, sem vissi að hún átti að deyja eftir hálfan mánuð. Hún valdi sér þess vegna sjálf legstáin, en vissi ekki hvað hún átti að láta skrifa á legsteininn. Eftir hálfan mánuð dó gamla konan og á legsteininum stóð: það var einu sinni gömul kona, sem vissi að hún átti að deyja eftir hálfan mánuð. Hún valdi sér þess vegna sjálf legstein, en hún vissi ekki hvað hún átti að láta skrifa á legsteininn. Eftir hálfan mánuð dó gamla konan og á legsteininum stóð: það var einu sinnigömul kona, sem vissi að hún átti að deyja - - - - .

1. bindi kom út í gær og það næsta kemur út á morgun. Næstu 3 ár koma út 3 bindi á viku og þau fjalla öll um gömlu konuna, sem vissi að hún átti að deyja eftir hálfan mánuð.

Marteinn Magnússon.

Snjör

Af því að ég veit evo lítið, hvernig snjór myndast, þá ætla ég bara að segja frá því, þegar hann er kominn niður á jörðina.


Það er sérlega skemmtilegt, þegar fyrsti snjóinn kemur á haustin eða veturna. Þá vilja flestir komast sem fyrst út í snjóinn til að hnoða, kasta eða bara borða.

Uppi á hálandi Íslands hverfur snjóinn stundum ekki allt árið um kring, það er kallað jöklar. Sumir jöklanna breyta sér ár frá ári og eru kallaðir skriðjöklar, en hinir, sem eru alltaf á sama stað, eru kallaðir hjarnjöklar.

Einni sinni var Ísland allt þakið jökli, það var kallað ísöld.

Snjóinn er gott byggingarefní t.d. á Grænlandi. Þar býr fólk í snjóhúsum meiri hluta ársins.

Pó að það sé gott að fá snjóinn, er samt miklu betra, þegar vorið kemur. Þá er lika svo stutt þangað til að skólinn er búinn.




HYAÐ VILTU YERÐA

?

Mig langar til að verða leigubílstjóri, þegar ég verð fullordinn. Til þess þarf ég að gangast undir svokallað meirapróf bifreiðastjóra. Í þessu starfi verð ég að vera snyrtilega klæddur og vera kurteis við viðskiptavini, opna fyrir þá hurðir, bera farangur þeirra og veita þeim alla þá aðstoð, sem mér er unnt. Einnig þarf ég að halda bifreiðinni þægilegri, hreinni og loftgöðri. Bifreiðin þarf að vera í góðu lagi.

Starfið er í því fólgjöld, að flytja fólk á áfanga-staði sína. Ástæðan fyrir því, að mig langar að stunda þetta starf er sú, að mig langar að vera í umferðinni og kynnast fólkini.

Skúli 4.G.



ÁR ÍÐ 2012

Ég á heima á tunglinu og nú
er árið 2012. Pabbi minn er dáinn
en mamma mínn er gift aftur.


Hinn pabbi minn er ekkert skemmtilegur, hann er alltaf að bila.
Hann er nefnilega róbott.

Einu sinni drakk pabbi sig
fullan og mamma varð að dala
úr honum næstu dagana.

Einu sinni voru húsin ferköntuð,
nú eru þau þríhyrnd. Enginn gerir
neitt, því að allir eru með tæki,
sem prenta peninga. Langafi er
nýdáinn, batteríin voru búin.
Gafflarnir eru sjálfvirkir og
sama er að segja um hnifana og
skeiðarnar - allt er sjálfvirkt.

Hurðirnar eru sjálfvirkar og
gleraugun eru með innbyggðu sjón-
varpi. Pabbi er að kaupa eldflaug,
og mamma stlar að kaupa sér
róbott til að laga til.

Já, svona er lífið árið 2012.



Oskar 4. G.

VEIÐIFERÐ.

Eg ætla að segja frá því,
þegar Hjalti, Pór og ég fórum
eina ferð með bátnum Guðmundi
Friðrikssyni G.K. 112, sem
er 70 lesta bátur.


Við lögðum frá bryggju
snemma morguns einn sólbjart-
an laugardag. Báturinn var á
netaveiðu, veiddi aðallega
þorsk.

A leið á miðin fengum
við að veiða. Strax þegar ég var
búinn að renna, var bitið á hjá mér
Ég dró og dró, þangað til fisk-
urinn var kominn upp fyrir borð-
stokkinn. Sá ég þá að petta var
steinbitur.

Hjalti ætlaði þá að vera hjálpsamur og losa fiskinn
af fyrir mig. Beit þá helvítis steinbiturinn hann svo
að hann septi upp.

Er við komum á miðin, var byrjað að draga netin.
Aflinn var ágætur. Er hætt var að draga voru komin
17 tonn. Um kvöldið héldum við af stað heim, en þangað
var um eins og hálf timsigling. Þessi ferð var
mjög ánægjuleg.

Ó. A.



STJÖRNUSPÁ



Hrúturinn (21. mars - 19. apríl) :

Búðu þig undir hið versta ef þú ætlað að lesa meira.

Nautið (20. apríl - 20. maí) :

Passaðu þig á kálfinum.

Tvíburarnir (21. maí - 20. júní) :

Eg vona að þú verðir búinn að jafna þig eftir prófin fyrir afmælið þitt.

Krabbinn (21. júní - 22. júlí) :

Hvers vegna reynirðu ekki að sofa á næturnar í stað þess að læra.

Ljónið (23. júlí - 22. ágúst) :

Það er margt líkt með pér og grasafræðingi, þið eruð jafn miklir grasaasnar.

Meyjan (23. ágúst - 22. sept.) :

Eg ræð pér að fá þér nokkrar taugastyrkjandi töflur - áður en þú lest einkunnina -

Jogin

Viglin (23. sept. - 22. okt.) :

Farðu í megrun. Heillalitur innfraraudur.

Sporðrekinn (23. okt. - 21. nov.) :

Þú ættir að reyna að koma í skólanн fyrir kl. 8³⁰.

Bogamaðurinn (22. nov. - 21. des.) :

Lestu Hróa Hött.

Steingeitin (22. des. - 19. jan.) :

Varaðu þig á umferðinni.

Vatnsberinn (20. jan - 18. feb.) :

Hlustaðu ekki á stjörnuspár.

Dorskarnir (19. feb. - 20. marz) :

Aumingja þú, sem hefur þurft að lesa alla þessa þvælu, - áður en þú komst að þorskinum.



